



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 21. nóvember 2024

MSS24080085

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um hunda í skólum**

Á fundi borgarráðs, 22. ágúst 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Hvað margir skólar í Reykjavík bjóða hunda velkomna í skólana til að veita nemendum stuðning og vellíðan?*

#### **Svar:**

Spurningavagn var sendur til skólastjóra grunnskóla í október 2024. Í spurningavagninum var eftirfarandi spurning til skólastjóra grunnskóla: *Býður þinn skóli hunda velkomna í skólann til að veita nemendum stuðning og vellíðan?*

Svör bárust frá 35 skólum. 20 skólar svöruðu því játandi og 15 skólar neitandi.

Þegar svör voru greind eftir miðstöðvum sýndu niðurstöður að í Austurmiðstöð svöruðu átta skólar því játandi að hundar séu boðnir velkomnir í skólann og fimm skólar svöruðu því neitandi. Þá voru tveir skólar í Austurmiðstöð sem svöruðu ekki spurningunni. Í Norðurmiðstöð svöruðu sjö skólar játandi og fjórir skólar neitandi. Í Suðurmiðstöð svara tveir skólar játandi og tveir skólar neitandi, einn skóli í Suðurmiðstöð gaf ekki upp svar. Í Vesturmiðstöð svara þrjár skólar játandi og fjórir neitandi.



**Reykjavík**